

Egilsstaðir 10. ágúst 2023

Umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefndar, 10. ágúst 2023.

Fyrir liggur ósk frá umhverfis- og framkvæmdasviði um umsögn heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem náttúruverndarnefndar vegna málsins Aðalskipulagsbreyting, Efnisnáma, Kiðueyri í Grímsá, málsnúmer 202210120. Málið varðar skipulags- og matslýsingu og tillögu til kynningar á vinnslustigi fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Fyrirhuguð náma er í landi Ketilsstaða 2 á Völlum, í ógrónum áraurum/eyrum Grímsár norðan Urriðalækjaróss.

Svæðið þar sem efnistaka er fyrirhuguð er á fiskgengum hluta Grímsár, um 3,5 km neðan við brú á Þjóðvegi. Áin rennur á þessum kafla á miklum eyrarsvæðum með tiltölulega lágum bökkum, sem eru vel grónir þegar komið er uppúr núverandi farvegi árinna. Mikið af efni hefur nú þegar verið tekið úr farvegi árinna og á eyrarsvæðum í kringum.

Umsögn:

Við mögulegar framkvæmdir skal þess gætt að lágmarka rask í árfarveginum, áhrif á lífríki árinna og að þær hafi ekki áhrif á vatn árinna svo sem að grugga það upp.

Reynt verði að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er og þess gætt að spilla ekki árbökkum eða botni árinna vegna framkvæmdarinnar.

Gert verði ráð fyrir settjörnum til að fella út jarðvegsefni sem skolast úr haugunum. Mikilvægt er að við efnisvinnslu og þvott efnisins séu settjarnir nógu stórar til að mest af gruggi og efnum sem berst með skolvatni nái að setjast til í tjörnunum en berist ekki út í árvatnið.

Tryggja skal að olíur, bensín eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki í árvatnið og takmarka skal akstur farartækja yfir ána eins og kostur er.

Halda skal akstri tækja yfir ána í lágmarki og tryggja að olíumengun berist ekki í hana.

Gerð verði viðbragðsáætlun til að bregðast við mengun í og við námusvæðið.

Reynt verði eins og kostur er að ljúka vinnslu og frágangi á hverjum hluta námunnar áður en ráðist er í næsta hluta hennar.

Gert á fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 10. ágúst 2023.

Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri